

Tillaga að breytingu á flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum.

Í apríl 2024 skilaði verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar þáverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra tillögu að flokkun átta virkjunarkosta sem Alþingi hafði óskað endurmats á við afgreiðslu sína á verndar- og orkunýtingaráætlun í júní 2022. Lagði verkefnisstjórn til að Kjalölduveita og virkjunarkostir í Héraðsvötnum yrðu færðir úr biðflokki í verndarflokk en að Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun og Skrokkölduvirkjun yrðu færðar úr biðflokki í nýtingarflokk.

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, kemur fram að ráðherra taki tillögu verkefnisstjórnar til skoðunar og gangi frá tillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun í samræmi við 3. gr. laganna. Ef lagðar eru til breytingar á tillögu verkefnisstjórnar skal leita umsagna og kynna breytingarnar almenningi áður en tillagan er lögð fram á Alþingi. Ekki er gerð krafa í lögum um sérstakan rökstuðning fyrir breytingum sem ráðherra kann að gera á tillögum verkefnisstjórnar, en verkefnisstjórnin fer með ráðgefandi hlutverk gagnvart ráðherra og hið endanlega ákvörðunarvald um flokkun virkjunarkosta liggur hjá Alþingi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið að hefja samráðsferli um breytingu á tillögu verkefnisstjórnar þess efnis að Kjalölduveita og virkjunarkostir í Héraðsvötnum verði áfram í biðflokki.

Alvarlegt ójafnvægi hefur skapast milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði með tilheyrandi verðhækkunum. Að mati Landsnets eru meiri líkur en minni á raforkuskorti á næstu árum þar sem grípa þurfi til skömmtnar til heimila og fyrirtækja. Miklar tafir hafa orðið á stórum og hagkvæmum verkefnum og óvissa ríkir um marga virkjunarkosti vegna jarðhræringa.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Flokks fólksins er lögð áhersla á aukna orkuöflun í þágu orkuöryggis, orkuskipta og verðmætasköpunar um allt land. Þar kemur jafnframt fram að stutt verði við líffræðilega fjölbreytni og ráðist í aðgerðir til verndar ósnortnum víðernum. Rammaáætlun gegnir lykilhlutverki í að tryggja jafnvægi milli orkunýtingar og náttúruverndar.

Á 157. löggjafarþingi mun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra leggja fram frumvarp með ýmsum breytingum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun í þágu aukinnar skilvirkni og bættrar málsmeðferðar. Þá hefur ráðherra kynnt í samráðsgátt drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum um að stjórnvöld skuli leggja fram stefnu um öflun raforku á fjögurra ára fresti. Í slíkri stefnu verða sett töluleg markmið um aukna raforkuframleiðslu sem horft verður til við vinnslu verndar- og orkunýtingaráætlunar hverju sinni.

Fram undan er vinna við að afmarka og friðlýsa með lögsmætum hætti alla þá kosti sem Alþingi hefur þegar samþykkt í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, en með dómi Hæstaréttar 27. mars 2024 í máli nr. 36/2023 varð ljóst að engin svæði hafa verið friðlýst gegn orkuvinnslu með lögformlega réttum og bindandi hætti síðan lög um verndar- og orkunýtingaráætlun voru sett árið 2011. Hefur dómurinn jafnframt orðið tilefni sérstakrar skoðunar í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu á friðlýsingarflokki 53. gr. náttúruverndarlaga og samspili laga um verndar- og orkunýtingaráætlun og laga um náttúruvernd.

Rétt er að hafa í huga hve ólík réttaráhrifin eru af mismunandi flokkun virkjunarkosta í rammaáætlun. Flokkun í orkunýtingarflokk felur ekki í sér heimild fyrir því að virkjun verði að veruleika heldur opnar einungis á þann möguleika að virkjunaráform fari gegnum formlegt leyfisferli. Þegar virkjunarkostur er flokkaður í verndarflokk skapast hins vegar jákvæð skylda stjórnvalda til þess að hefja undirbúning friðlýsingar gegn orkuvinnslu. Biðflokkur er aftur á móti hlutlaus flokkur og réttaráhrifin af slíkri flokkun í reynd þau sömu og ef aldrei hefðu komið fram hugmyndir um virkjun á viðkomandi svæði.

Með hliðsjón af þessu leggur ráðherra til að Kjalölduveita og virkjunarkostir í Héraðsvötnum haldist í biðflokki rammaáætlunar á meðan sú stefnumótunar- og löggjafarvinna sem greint var frá að framan stendur yfir. Ráðherra leggur áherslu á að þau svæði sem löggjafinn hefur samþykkt að njóti verndar verði friðlýst sem fyrst og mun hraða þeirri vinnu sem kostur er.